

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Ágúst 2025

Stytting náms til stúdentsprófs

Áratugur er liðinn síðan fyrsti árgangurinn hóf skipulagt þriggja ára nám til stúdentsprófs en áður var námið almennt fjögur ár. Einhverjir hafa gagnrýnt styttinguna en Gallup tók púlsinn á viðhorfi þjóðarinnar til hennar.

Ríflega helmingur þeirra sem taka afstöðu er óánægður með styttingu náms til stúdentsprófs á móti um fimmtingi sem er ánægður en rúmlega fjórðungur er hvorki ánægður né óánægður.

Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með styttingu náms til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú?




Fyrir tveimur áratugum var talsverð umræða um menntamál og var stytting náms til stúdentsprófs ein af þeim hugmyndum sem var rædd. Árið 2003 voru næstum 72% hlynnt því að nám til stúdentsprófs yrði stytta um eitt ár á meðan fimmtingur var á móti því en stuðningur minnkaði eftir því sem meiri umræða fór fram um málið og 2005 voru tæplega sex af hverjum tíu hlynnt styttingu á móti 32% sem voru andvíg.

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að stytta nám til stúdentsprófs um eitt ár?



Konur eru óánægðari með styttingu náms til stúdentsprófs en karlar, fólk yfir fertugu er óánægðara með hana en yngra fólk og íbúar höfuðborgarsvæðisins óánægðari en íbúar landsbyggðarinnar. Fólk með meiri menntun er óánægðara með styttinguna en fólk með minni menntun og fólk með hærri fjölskyldutekjur óánægðara en fólk með lægri tekjur.

Þau sem kysu Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag eru óánægðust með styttingu náms til stúdentsprófs en þau sem kysu Flokk fólksins eru ánægðust með hana.



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með styttingu náms til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 10. til 22. júlí 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.716 og þátttökuhlutfall var 43,0%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.